



KPMG hf.  
Borgartúni 27  
105 Reykjavík

Sími 545 6000  
Fax 545 6001  
Veffang www.kpmg.is

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 138/1575*  
*komudagur 8.4.2010*

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 7. apríl 2010.

**Efni:** Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Með bréfi dags. 26. febrúar 2010 gerði KPMG nokkrar athugasemdir við tilvitnað lagafrumvarp. Með tölvupósti dags. 30. mars 2010 sendi viðskiptanefnd Alþingis yfirlit um breytingartillögur við frumvarpið og jafnframt var gefinn kostur á að skila inn skriflegum athugasemdum.

Við sjáum ekki ástæðu til að gera frekari athugasemdir utan þess að benda á varðandi 43. gr. frumvarpsins að þar vantar nokkurs konar gildistökuákvæði, þ.e. hvenær byrja skuli að telja þau fimm ár sem félag má hafa sama endurskoðanda. Í þessu sambandi hefur verið nefnt að rétt sé að fara eins að og þegar ákvæði voru sett í lög um endurskoðendur um að skipta yrði um endurskoðanda á að minnsta kosti sjö ára fresti í tilteknum félögum. Að okkar mati er ekki hægt að bera þetta saman og verður hér á eftir gerð nánari grein fyrir þeirri skoðun.

Þegar lögum um endurskoðendur var breytt á árinu 2008 með gildistöku 1. janúar 2009 var talsverður aðdragandi að lagabreytingunni. Ákvæðið um að skipta verði um endurskoðanda á sjö ára fresti byggir á ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 og þótt það hafi ekki verið sett í lög hér á landi fyrr en á árinu 2008 þá var tveimur árum fyrr ljóst að þessi lagabreyting yrði gerð. Þess utan höfðu stóru alþjóðlegu endurskoðunarfyrirtækin sett þetta inn í sínar innri reglur og því hafði, að minnsta kosti að einhverju marki, verið byrjað vinna eftir ákvæðum sem síðar voru leidd í lög. Mikilvægt er að hafa í huga á hér þurfti ekki að skipta út endurskoðunarfélagi heldur einungis þeim endurskoðendum (einstaklingum) sem ábyrgð báru á verkinu.

Þá er vert að hafa í huga að það er mikið meira mál að skipta um endurskoðendafélag heldur en ef einungis þarf að skipta um einn til tvo einstaklinga sem stýra viðkomandi endurskoðunarverkefni. Þekkingin fer ekki neitt og þeir sem vinna meirihluta vinnunnar í tímum talið eru þeir sömu og áður. Ef þarf að skipta öllum út fer umtalsverður tími í að setja sig inní verkefnið og því fylgir tilheyrandi kostnaður. Fyrir minni fyrirtæki þarf þetta hlutfallslega ekki að vera neitt minna.

Þegar fyrirtæki kys sér endurskoðanda er það yfirleitt gert með langtímasamband í huga. Þrátt fyrir það er ekki algengt um að slíkt gildi skriflegir samningar, enda eru endurskoðendur kosnir á



aðalfundi. Þetta kann engu að síður að hafa talsverð áhrif á rekstur einstakra fyrirtækja ef skyndilega, nánast án fyrirvara, sett eru lög sem banna þér að vinna fyrir tiltölulega marga af núverandi viðskiptavinum. Í núverandi ástandi er óheppilegt að bæta slíkri óvissu við aðra óvissu.

Þá er vert að hafa í huga að þessa mánuðina eru tiltölulega mörg fjármálafyrirtæki í fjárhagsþrengingum og hafa verið að vinna að endurskipulagningu. Gera má ráð fyrir að næstu misserin verði umtalsverð gerjun á þessum markaði, hugsanlega með sameiningum. Við þessar aðstæður kanna að vera óskynsamlegt að knýja fram að viðkomandi félag skipti um endurskoðanda með tilheyrandi auka kostnaði og óþægindum.

Við teljum ekki óeðlilegt að félög hafi í að minnsta kosti þrjú ár, hugsanlega fimm, til að skipta um endurskoðanda þar sem þess er krafist þannig að á aðalfundi sem haldinn væri árið 2014 kæmi breytingin til framkvæmda.

Virðingarfyllst,

KPMG hf.

  
